

Nr. 035 / 14 Eyjólfur Ólafsson HU 100***Fékk í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2175
Smíðaður: Hafnarfirði 1992, plast
Stærð: 7 brl. 7,7 bt.
Mesta lengd: 9,0 m Skráð lengd: 8,98 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Cummins 187 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:
Gögn RNS



Eyjólfur Ólafsson©Jón Sigurðsson

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. apríl 2014 var Eyjólfur Ólafsson HU 100 á siglingu inn til Sandgerðis. Veður: N 8 m/sek og norðurfall.

Þegar komið var inn í Hamarssundið fékk báturinn tóg í skrúfuna með þeim afleiðingum að tengi á skrúfuöxli gekk í sundur og stýri skaddaðist. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og þar sem Pálina Ágústsdóttir GK 1 var á landleið tók hún bátinn í tog inn til hafnar.

Kafari var fenginn til að skera úr skrúfunni.

Við rannsókn kom fram:

- að það var svert ofurtóg (Dynex) með flotkápu sem helst er notað á stærri togskipum sem kom í skrúfuna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.